



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er varðar nemendur með ýmisskonar geðraskanir*

Á fundi borgarráðs 2. maí 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Eftirfarandi tillaga Flokks fólksins snýr að nemendum sem eru með ýmisskonar geðraskanir en eins og vitað er er mjög erfitt fyrir þessi börn að fá aðstoð í "venjulegum skóla" 1. Lagt er til fyrst og síðast að farið sé að lögum. Það er lögbrot að reka börn úr skólaskyldu vegna frávika. Það verður að setja meira fjármagn með hverju barni til að ráða faglegan stuðningsfulltrúa t.d. iðjuþjálfara eða sálfræðing sem hefur eitthvað vægi inn í skólastofunni. 2. Lagt er til að fjármagn sé merkt barni en ekki skóla þannig að það fylgi barninu skipti það um skóla. 3. Lagt er til að unnið verði markvisst að því að fækka nemendum í bekkjum. 4. Lagt er til að í miðjum tíma fái börn tækifæri til að standa upp og fá hreyfingu. 5. Lagt er til að láta af því að afsérþarfavæða börnin til að það aðlagist kerfinu, hinum svo kallaða „skóla án aðgreiningar“. Skóla- og frístundarráð hefur gengið allt of langt að reyna að þagga niður vanda barna til að láta þau passa inn í skólakerfi sem er ekki útbúið til að taka á þörfum allra barna. Erlendis má sjá að í stað þess að reyna sífellt að slökkva elda er börnum leyft að nota stóra bolta í stað stóla, heyrnartól með tónlist til að þau geti haldið athyglinni og þeim leyft að nýta öll þau verkfæri sem virka til að vinna og efla kosti barnanna. Sveigjanleiki og margbreytileiki þarf að koma sterkar inn í hugmyndafræði skólastefnunnar. 6. Lagt er til að skóla- og frístundaráð auki vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólanum. Eins og vitað er eru styrkleikar barna alls konar. 7. Lagt er til að skóla- og frístundaráð fari nú að alvöru að eyða endalausum biðlistum í þjónustu s.s. greiningar. Borgarstjóri hefur nýlega sagt á opinberum vettvangi að verið sé að setja meira fjármagn í skólana. Hvernig væri að sýna að hér eru ekki einungis orðin tóm? 8. Lagt er til að aðgengi barna að sálfræðingum og iðjuþjálfurum verði stórbætt og að foreldrar hafi ávallt gott aðgengi að þessum sérfræðingum.

- 1. Lagt er til fyrst og síðast að farið sé að lögum. Það er lögbrot að reka börn úr skólaskyldu vegna frávika. Það verður að setja meira fjármagn með hverju barni til að ráða faglegan stuðningsfulltrúa t.d. iðjuþjálfara eða sálfræðing sem hefur eitthvað vægi inn í skólastofunni.**

Svar: Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla og sæki hann. Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis og nemendur með sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir sínar.

Heimild til brottvikningar nemanda úr skóla, tímabundið eða ótímabundið er eingöngu bundin við ítrekuð brot nemenda á skólareglum og skal þá sérstaklega skoða þroska nemandans, stöðu hans í félagahópnum, auk ýmissa þátta skólastarfsins. Sé um ótímabundna brottvikningu að ræða ber skólanefnd ábyrgð á að nemandanum sé tryggð önnur skólavist eða kennsluúrræði, aldrei síðar en innan þriggja vikna. Ekki eru upplýsingar um nein dæmi þess að nemanda hafi verið vísað úr skólakerfinu á grundvelli fatlana eða veikinda, en brottvísun er ávallt vegna ítrekaðra brota á skólareglum. Ávallt er skylt að leita annarra skólaúrræða í slíkum tilvikum sbr. hér að framan.

Skipulag skólaþjónustu í borginni er með þeim hætti að skólasálfræðingar vinna á þjónustumiðstöðvum sem tilheyra velferðarsviði. Skólarnir í borginni leggja ríka áherslu á að hafa á að skipa fagmenntuðu fólki s.s. kennurum, þroskaþjálfum, iðjuþjálfum, námsráðgjöfum og fleirum til að sinna sem best þörfum nemenda. Þá er stöðugt leitað nýrra leiða til að auka við fjölbreytt úrræði til að mæta ólíkum þörfum nemenda, nægir þar að nefna stofnun farteyma haustið 2018 og stofnun nýrrar þjónustueiningar við Brúarskóla haustið 2019.

2. Lagt er til að fjármagn sé merkt barni en ekki skóla þannig að það fylgi barninu skipti það um skóla.

Svar: Úthlutun til skóla vegna fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar raskanir byggir á fjölda fatlaðra nemenda í hverjum skóla og þyngd fötlunar þeirra. Flytjist nemandi milli skóla hækkar úthlutun til þess skóla sem nemandinn flyst til og lækkar hjá þeim skóla sem nemandi flyst úr. Þannig fylgir fjármagn nemanda skipti hann um skóla.

3. Lagt er til að unnið verði markvisst að því að fækka nemendum í bekkjum.

Svar:

Á meðfylgjandi töflu kemur fram að meðalfjöldi nemenda pr. umsjónarkennara árin 2013-2019 hefur aukist um rúmlega einn nemanda eða 5% og meðalfjöldi nemenda pr. alla kennara nánast staðið í stað. Meðalfjöldi nemenda pr. öll stöðugildi hefur hins vegar lækkað um 0,5 nemendur eða 7% sem bendir til þess að störfum í grunnskólum hafi fjölgað og að fleiri starfsmenn, bæði faglærðir og ófaglærðir séu starfandi í grunnskólum borgarinnar árið 2019 en 2016 sem bendir til þess að fleiri starfsmenn séu starfandi í skólunum til að sinna þörfum einstakra nemenda og hópa, eftir aðstæðum hverju sinni.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Meðalfj. nem per umsjónarkennara	21,8	21,8	22,1	21,1	21,9	22,7	22,7
Meðalfj. nem per kennara	11,9	12,1	12,0	12,2	11,9	12,1	12,2
Meðalfj. nem per öll stöðugildi*	7,1	7,1	7,1	6,9	6,7	6,6	6,6

Í síðustu TALIS könnun sem gerð var 2018 kom í ljós að fjöldi nemenda í bekk/kennsluhópi á unglingsstigi hér á landi var næst lægstur af öllum Norðurlöndum eða 20,4 nemendur, en var lægst í Finnlandi 18,1 og hæst í Noregi 22,9.

4. Lagt er til að í miðjum tíma fái börn tækifæri til að standa upp og fá hreyfingu.

Svar: Skrifstofa skóla- og frístundasviðs getur tekið undir tillöguna varðandi mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til þess að standa upp og hreyfa sig, þegar það á við í kennslustundum. Starfsmenn skrifstofu skóla- og frístundasviðs hafa í vettvangsheimsóknunum í skóla séð mörg dæmi þess að kennarar brjóti upp kennslustundir með ýmsu móti, bæði með leikjum, hreyfingu, dansi og ýmsum verkefnum, allt eftir aldri, þroska og þörfum nemenda.

5. Lagt er til að láta af því að afsérþarfavæða börnin til að það aðlagist kerfinu, hinum svo kallaða „skóla án aðgreiningar“. Skóla- og frístundarráð hefur gengið allt of langt að reyna að þagga niður vanda barna til að láta þau passa inn í skólakerfi sem er ekki útbúið til að taka á þörfum allra barna. Erlendis má sjá að í stað þess að reyna sífellt að slökkva elda er börnum leyft að nota stóra bolta í stað stóla, heyrnartól með tónlist til að þau geti haldið athyglinni og þeim leyft að nýta öll þau verkfæri sem virka til að vinna og efla kosti barnanna. Sveigjanleiki og margbreytileiki þarf að koma sterkar inn í hugmyndafræði skólustefnunnar.

Svar: Sveigjanleiki og margbreytileiki í námsumhverfi barna er með ýmsum hætti í grunnskólum borgarinnar, m.a. út frá því sem bent er á í tillögunni, því flestir skólar bjóða upp á fjölbreytilega aðstöðu til náms sem og tæki og tól (heyrnartól, spjöld og fleira) sem auðvelda nemendum að sinna námi sínu. Þetta er undirstrikað í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

6. Lagt er til að skóla- og frístundaráð auki vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólanum. Eins og vitað er eru styrkleikar barna alls konar.

Svar: Sköpun er einn af grunnþáttum í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Markvisst hefur verið unnið að því að auka vægi tækni- og listaverkefna í skólunum með stuðningi skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Má þar nefna fjölbreytt námskeið og þjónustu sem t.d. Mixtúra býður upp á varðandi margmiðlunartækni, upplýsingatækni og skapandi vinnubrögð. Skrifstofan hefur staðið fyrir sérstökum „innblásturfundum“ sem haldnir hafa verið árlega að hausti til að kynna kennurum alla þá flóru námsheimsókna til liststofnana innan borgarinnar sem nemendum stendur til boða að sækja. Fjölmargir skólar hafa tekið þátt í svokölluðum listasmiðjum sem eru í Myndlistarskólanum í Reykjavík sem er samstarf skóla- og frístundasviðs og Myndlistarskólans. Barnamenningarhátíð vex stöðugt fiskur um hrygg og þeim börnum fjölgar stöðugt sem taka þátt í henni með einum eða öðrum hætti. Í kjölfar niðurstöðu Hagstofunnar um nýtingu kennslustunda til list- og verkgreina er unnið að frekari greiningu á list- og verkgreinakennslu í grunnskólum borgarinnar.

7. Lagt er til að skóla- og frístundaráð fari nú að alvöru að eyða endalausum biðlistum í þjónustu s.s. greiningar. Borgarstjóri hefur nýlega sagt á opinberum vettvangi að verið sé að setja meira fjármagn í skólana. Hvernig væri að sýna að hér eru ekki einungis orðin tóm?

Svar: Skólaþjónustan við grunnskólana er staðsett á þjónustumiðstöðvum borgarinnar sem heyra undir velferðarsvið.

Neðangreint yfirlit sýnir fjárheimildir til grunnskóla borgarinnar á tímabilinu 2013 til 2018 á verðlagi hvers árs en þar má sjá að fjárheimildir til grunnskóla hafa hækkað um 8.835 þús.kr á tímabilinu eða 45,5%:

GRUNNSKÓLAR - fjárheimildir (fjárhagsáætlun) - upphæðir í þús.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018
TEKJUR	-1.186.432	-1.330.700	-1.315.575	-1.517.778	-1.752.793	-1.850.778
GJÖLD						
Laun og launatengd gjöld	12.104.041	13.093.664	14.637.367	15.898.145	17.989.002	19.410.243
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	6.099.214	6.315.823	6.710.599	6.757.047	6.984.675	7.073.464
Framlög til sjálfstætt starfandi stofnana	676.193	880.074	958.268	1.002.798	1.098.062	1.056.522
Annar rekstrarkostnaður	1.703.452	2.009.343	1.975.401	2.116.199	2.334.628	2.541.619
GJÖLD SAMTALS	20.582.901	22.298.904	24.281.636	25.774.189	28.406.366	30.081.848
Heildarsumma - TEKJUR - GJÖLD	19.396.468	20.968.204	22.966.061	24.256.411	26.653.573	28.231.070

8. Lagt er til að aðgengi barna að sálfræðingum og iðjuþjálfurum verði stórbætt og að foreldrar hafi ávallt gott aðgengi að þessum sérfræðingum.

Svar: Vísað í svar nr. 1. Ef ráðnir væru að sálfræðingar og iðjuþjálfar í alla grunnskóla borgarinnar kallar það á auknar fjárheimildir upp á rúmar 600 milljónir kr.